



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Erindi nr. P 127/1448
komudagur 25. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2002

**Efni: Umsögn vegna þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005,
538. mál samkvæmt bréfi til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins dagsett 6.
mars sl.**

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa farið yfir ofangreinda þingsályktun og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Ekki hefur gefist tækifæri til að kynna efni þingsályktunarinnar fyrir stjórn sjóðsins.

Það er rétt að leggja á það áherslu að í starfsemi Nýsköpunarsjóðs er ekki sérstaklega horft til staðsetningar fyrirtækja eða verkefna þegar ákveðið er hvort viðkomandi nýtur þjónustu sjóðsins, annað hvort í formi áhættuláns til vöruþróunar eða markaðsaðgerða eða með hlutfjárþátttöku sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki. Litið er á landið í heild sem einn markað hjá sjóðnum og ekki eru veitt “lán eða fjárhagslegur stuðningur” nema að sjóðurinn telji að von sé til þess að verkefnið komi til með að skila sjóðnum viðunandi arðsemi, heppnist viðkomandi verkefni. Þetta ber að hafa í huga þannig að hlutverk sjóðsins sé ekki misskilið í þessu samhengi. Þetta er sérstaklega tekið fram vegna 3ja tl. á bls. 7 í þingsályktuninni.

Nýsköpunarsjóður er hins vegar þátttakandi í sérstökum framtakssjóðum sem hafa það að markmiði að fjárfesta í hátækni og upplýsingaiðnaði á landsbyggðinni. Sennilega væri réttara að geta þessara sjóða sem hálfopinberra sjóða sem hafa skilgreindu hlutverki að gegna á landsbyggðinni. Sjóðirnir eru af 2/3 fjármagnaðir af Nýsköpunarsjóði og 1/3 af öðrum aðilum og af þeim ástæðum er litið á þá sem hálfopinbera sjóði í þessu samhengi.

Eðli máls samkvæmt er á nokkrum stöðum í þingsályktuninni rætt um uppbyggingu atvinnulífs og opinbert stuðningskerfi í því sambandi. Má í því sambandi t.d. benda á 1. tl. á bls. 3 og 3ju málsgr. 2. tl. á bls. 7. Það er mjög mikilvægt að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs að alls staðar í slíkum tilfellum sé lögð áhersla á **arðsaman atvinnurekstur**. Hér er um nauðsynlega forsendu að ræða, sem aldrei má hvika frá, ef hinar metnaðarfullu væntingar, sem stefnt er að í þingsályktuninni, eiga að verða að veruleika.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Íceland
Tel: (354) 510 1800
Fax: (354) 510 1809
www.nsa.is




Að lokum vilja starfsmenn Nýsköpunarsjóðs benda á mjög víðtæka skilgreiningu sem fram kemur á blaðsíðu 1 undir lið d. Þar kemur m.a. fram að;

“....., svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við áttuga sína með því að gera þeim kleift að búa þar áfram.”

Að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs er hér um mjög metnaðarfulla stefnu að ræða. Hins vegar má setja spurningarmerki við það hversu raunhæft þetta tiltekna atriði er. Á Íslandi búa tæplega 300 þúsund manns. Ef framfylgja á þessu meginmarkmiði má ætla að tilkostnaður þess verði fjármálum þjóðarinnar þungt í skauti.

Virðingarfyllst,
f.h. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins


Úlfar Steindórsson, Framkvæmdastjóri.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Iceland
Tel: (354) 510 1800
Fax: (354) 510 1809
www.nsa.is